

Nd.

13. Frumvarp til laga

um breyting á hafnarlögum fyrir Ísafjörð, nr. 34 frá 19. júní 1922.

Flm.: Finnur Jónsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Til hafnargerðar og hafnarumbóta á Ísafirði veitist úr ríkissjóði einn þriðji kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, þó ekki yfir 800000 krónur, gegn tvöföldu framlagi úr hafnarsjóði Ísafjarðar.

2. gr.

Á eftir 1. gr. komi ný grein., sem verður 2. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala laganna samkvæmt því):

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 1600000.00 lán, er hafnarsjóður Ísafjarðar kann að fá til hafnargerðar eða hafnarumbóta. Framlagið úr ríkissjóði og ábyrgð þessi er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla samtímis úr gildi lög nr. 43 frá 27. júní 1941.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk bæjarstjórnar Ísafjarðar og miðar að því að gera Ísafjarðarkaupstað kleift að framkvæma nauðsynlegar umbætur á höfninni, eftir því sem ástæður leyfa og fé er veitt til í fjárlögum.